

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 194 26. nóvember 1949 um búnaðarmálasjóð.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Gjald í búnaðarmálasjóð greiðist af mjólkurbúum, sláturhúsum, verzlunum og öðrum sölumiðstöðvum svo og hótélum og öðrum fyrirtækjum, sem veita vörum móttöku frá framleiðendum, enda dragist það frá andvirði vörunnar, þegar það er endanlega greitt framleiðendum, og má aldrei hækka söluverð varanna fyrir gjaldi þessu. Nú tekur sláturhús gripi til slátrunar, sem framleiðandinn tekur aftur sjálfur til eigin neyzlu eða sölu, ber sláturhúseiganda þá að halda eftir hinu lögboðna gjaldi af hinum slátraða grip og standa skil á því til innheimtumanna. Gildir þetta ákvæði um allar tegundir sláturgripa, sauðfé, hross, nautgripi, fugla og svín.

Hið lögboðna gjald skal tekið af áætluðu verði, er innheimtumaður áætlar, þó er greiðanda heimilt að gera athugasemdir við þá áætlun, og fer þá meðferð athugasemdar hans eftir ákvæðum 5. greinar þessarar reglugerðar.

Skýlt er nefndum aðilum að afhenda þeim, sem innheimta gjaldsins er falin, skýrslur um mótttekið vörumagn og verð fyrir þær til framleiðenda, samkvæmt því, sem nánar greinir í reglugerð þessari.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð skv. lögum nr. 38 15. febrúar 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs, sbr. lög nr. 34 1948, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 10. september 1969.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

Nr. 182.

24. september 1969.

## AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Bifreiðastöðubann verður á Langholtsvegi að vestanverðu frá Dyngjuvegi að Kleppsvegi.
2. Einstefnuakstur verður frá vestri til austurs á ónefndri götu í Múlahverfi í framhaldi af Ármúla að Háaleitisvegi.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 24. september 1969.*

**Sigurjón Sigurðsson.**